

Málefñasamningur
D- og V-lista í
Mosfellsbæ
fyrir kjörtímabilið
2018-2022



BB.
M

Inngangur

Í sveitarstjórnarkosningunum 26. maí s.l. fengu D- og V-listi samtals fimm bæjarfulltrúa af níu. Á grundvelli þeirra úrslita hafa flokkarnir ákveðið að fara í formlegt meirihlutasamstarf en listarnir hafa verið í farsælu samstarfi í bæjarstjórn Mosfellsbæjar allt frá árinu 2006.

Á þessu tímasteiði hefur íbúum bæjarins fjölgað mikið og um leið hefur þjónusta og rekstur sveitarfélagsins tekið stórt stökk fram á við. D- og V-listi hyggjast halda áfram á þessari braut og gera enn betur.

Framtíðin er björt í Mosfellsbæ, okkur eru allir vegir færir með gildi bæjarins að leiðarljósi en þau eru:

Virðing – jákvæðni – framsækni – umhyggja

Kær kveðja frá frambjóðendum D- og V-lista í Mosfellsbæ.

BB


Fræðslumál

Menntakerfið er ein af grunnstoðum samfélagsins og D- og V-listi leggja megináherslu á öflugt og metnaðarfullt skólastarf. Miklar breytingar hafa átt sér stað í leik- og grunnskólum á síðustu áratugum, í kjölfar aukinna væntinga samfélagsins til skólakerfisins. Um leið eru stöðugar breytingar á þörfum nemenda.

Heilbrigt skólaumhverfi stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri velliðan nemenda og starfsfólks og skólarnir okkar eru hornsteinn jöfnuðar í samfélaginu. Við viljum að allir nemendur eigi kost á námsumhverfi við sitt hæfi.

D- og V-listi vilja að skólar bæjarins séu ævinlega í fremstu röð og státi af öflugri kennslu, bæði í verklegum og bóklegum greinum. Mikilvægt er hlúa að góðri skólamenningu og félagslífi þar sem gildi bæjarins verði höfð að leiðarljósi.

Við viljum:

- bæta enn frekar úrræði skólanna fyrir nemendur með hegðunar- og/eða samskiptaraskanir.
- að leikskólagjöld lækki um 25% á kjörtímabilinu án tillits til verðlagshækkana.
- að verð á skólamáltíðum sé áfram meðal þess lægsta sem gerist og áhersla verði lögð á hollt og næringarríkt fæði.
- tryggja að einelti og annað ofbeldi sé aldrei liðið og tekið sé strax á slíkum málum með faglegum hætti.
- móta forvarnastefnu og endurskoða skólastefnu bæjarins.
- stefna að heildstæðum skóladegi í Helgafellsskóla fyrir yngsta stigið.
- áframhaldandi átak í upplýsingatæknimálum skólanna.

BB


- halda áfram að fjölga nemendum í Listaskóla Mosfellsbæjar, m.a. með því að fjölga tónlistarkennurum, og bæta aðstöðu skólans, m.a. með því að auka enn frekar tónlistarkennslu í grunnskólum bæjarins.
- miða við að öll börn, 12 mánaða og eldri, eigi kost á leikskólabjónustu.
- endurbæta skólabyggingar og huga sérstaklega að mataraðstöðu nemenda.
- leitast við, í samstarfi við hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, að bæta kjör starfsmanna í leik- og grunnskólum.

Íþrótt- og tómstundamál

Mosfellsbær er heilsueflandi samfélag þar sem fram fer kröftugt og fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf. Mörg félög sinna þessu mikilvæga starfi sem er borið uppi af harðduglegum sjálfboðaliðum. Aðstaða til íþróttaiðkunar er mjög góð í Mosfellsbæ en sífellt er þörf á því að bæta hana í ört stækkandi bæjarfélagi. D- og V-listi munu kappkosta að styðja myndarlega við allt íþrótt- og tómstundalíf fyrir alla aldurshópa.

Við viljum:

- taka í notkun fjölnota knatthús á Varmárvæðinu.
- halda áfram uppbyggingu á íþróttamannvirkjum bæjarins í samvinnu við Ungmennafélagið Aftureldingu.
- stuðla að stofnun samráðsvettvangs Aftureldingar og Mosfellsbæjar um uppbyggingu og nýtingu íþróttamannvirkja að Varmá.

BB


- efla Vinnuskóla Mosfellsbæjar og auka fjölbreytni í verkefnum hans.
- halda áfram að styðja við uppbyggingu mannvirkja sem eru í eigu íþróttá- og tómstundafélaga, til dæmis Golfklúbbs Mosfellsbæjar, Hestamannafélagsins Harðar og Skátafélagsins Mosverja.
- auka fjölbreytni í skipulagðri íþróttá- og tómstundaiðkun eldri borgara í bæjarfélaginu.

Velferð og jafnrétti

Allir eiga rétt á lífsins gæðum, óháð aldri, efnahag, heilsu, þjóðerni eða fötlun. Það er mikilvægt að sérhver einstaklingur fái að dafna og njóta hæfileika sinna og öðlist þá aðstoð og stuðning sem honum ber. D- og V-listi vilja styðja aldraða, fatlaða og aðra til sjálfshjálpar og þátttöku í samfélaginu.

Góð heilsa er gulls ígildi og það er mikill samfélagslegur ávinningur af því að ástunda heilbrigt líf. Mosfellsbær er fyrsta sveitarfélagið sem var skilgreint sem heilsueflandi samfélag og við viljum starfa enn frekar í anda þess.

D- og V-listi vilja stuðla að og efla jafnrétti í öllum birtingarmyndum þess orðs.

Við viljum:

- þrýsta á ríkisvaldið að stækka hjúkrunarheimilið Hamra í a.m.k. 70 rými.
- fjölga félagslegum íbúðum í samræmi við þarfir á hverjum tíma.

BB

- bjóða byggingarsamvinnufélögum lóðir til að byggja leiguíbúðir/ námsmannaíbúðir og þær verði leigðar út án arðsemissjónarmiða.
- stuðla að því að eldri bæjarbúum verði gert kleift að búa í eigin húsnæði með öflugri og heildstæðri heimaþjónustu.
- halda áfram að hækka afslætti á fasteignagjöldum til tekjulægri eldri borgara.
- skoða möguleika á skammtímavistun fyrir fötluð börn í Mosfellsbæ.
- auka fræðslu um geðheilbrigðismál og kynja- og jafnréttismál í skólum bæjarins.
- þrýsta á ríkisvaldið að standa vörð um heilsugæsluna í Mosfellsbæ.
- fylgja eftir stefnu um að kynbundið áreiti og ofbeldi sé aldrei liðið hjá Mosfellsbæ.
- horfa til jafnréttissjónarmiða í allri ákvarðanatöku sveitarfélagsins.

Umhverfismál

Umhverfismál eru mikilvægasti málaflokkur 21. aldarinnar og snerta í senn heimsbyggð og heimabyggð. Á þeim vettvangi vill D- og V-listi vinna af festu og einurð á öllum vígstöðvum.

Umhverfis- og skipulagsmál eru nátengd og skipulag þarf ævinlega að taka mið af umhverfissjónarmiðum. Við uppbyggingu nýrra hverfa þarf að gera ráð fyrir umhverfisvænum lífstíl með aðstöðu til sorpflokkunar og hleðslustöðvum fyrir rafbíla.

BB

JS

Mosfellsbær er fallegur bær með mörgum náttúrulegum sérkennum sem við viljum hlúa að og varðveita. Vinna þarf að þéttingu byggðar og tryggja jafnframt verndun náttúruvinnna og aðgengi að grænum svæðum. Náttúran og sagan í Mosfellsbæ skapa ákveðna ímynd og tækifæri sem hlúa þarf að með myndarlegum hætti.

Við viljum:

- ljúka við umhverfisstefnu Mosfellsbæjar þar sem tekið verður mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
- að gerðar séu reglubundnar loftgæðamælingar í Mosfellsbæ.
- halda áfram að vinna að náttúruvernd í sveitarfélaginu.
- að gas- og jarðgerðarstöð rísi í Álfsnesi og urðun verði hætt þar árið 2020.
- stuðla að fjölgun á rafhleðslustöðvum í bænum.
- vinna markvisst að hreinsun umhverfisins og draga úr plastnotkun.
- vinna áfram að friðlýsingu Gamla Þingvallavegarins á Mosfellsheiði.
- tryggja áfram fjölbreytta uppbyggingu í Ævintýragarðinum.
- endurnýja fræðsluskilti bæjarins sem tímans tönn hefur nagað.

Skipulags- og samgöngumál

Mosfellsbær er ört stækkandi og mikilvægt að hlúa að sérkennum og sérstöðu hans. D- og V-listi vilja vinna að þéttingu byggðar, jafnframt viljum við tryggja verndun náttúrunnar og umhverfisins og huga að grænum svæðum.

Vistvænar almenningsamgöngur eru framtíðin og hjóla-, reið- og göngustígar eiga að vera hluti af samgöngukerfinu. Samgöngur til og frá sveitarfélaginu skipta Mosfellinga miklu máli. Mikilvægt er að þeir geti komist greiðlega um höfuðborgarsvæðið, hvort sem það er á bíl, með almenningsamgöngum, á hjóli eða gangandi. D- og V-listi vilja vinna áfram að þessum málum í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Við viljum:

- að Mosfellsbær sé fyrsti valkosturinn til búsetu á höfuðborgarsvæðinu.
- að ævinlega verði tekið tillit til umhverfispáttá við skipulag og mannvirkjagerð.
- stuðla að auknu framboði á húsnæði fyrir ungt fólk til leigu eða kaups.
- þrýsta á ríkisvaldið um að ljúka tvöföldun Vesturlandsvegar í gegnum Mosfellsbæ.
- stuðla að því að aukið fjármagn verði sett í samgöngur á höfuðborgarsvæðinu, m.a. með úrbótum á stofnvegakerfinu og almenningsamgöngum í sérrými eins og Borgarlínu.
- fylgja því eftir að breytingar verði gerðar á Þingvallavegi í Mosfellsdal til að tryggja þar aukið umferðaröryggi.

Atvinnu- og nýsköpunarmál

Atvinnutækifærum hefur fjölgað mjög í Mosfellsbæ á undanförunum árum og mikilvægt er að svo verði áfram. D- og V-listi vilja hvetja til nýsköpunar og frekari uppbyggingar atvinnulífs í bæjarfélaginu. Mikilvægt er að standa vörð um þá starfsemi sem fyrir er, um leið og stutt er við bakið á nýrri starfsemi á þessum vettvangi.

BB


Við viljum:

- halda áfram að byggja upp miðbæinn okkar allra með verslun, þjónustu og iðandi mannlífi.
- hefja uppbyggingu öflugs atvinnusvæðis syðst á Blikastaðalandi og skipuleggja ný svæði fyrir fjölbreytta starfsemi.
- styrkja Mosfellsbæ sem umhverfisvænt og heilsueflandi samfélag.
- laða að atvinnustarfsemi sem leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð.
- hvetja til nýsköpunar á sviði atvinnu- og ferðamála.

Menningarmál

Í Mosfellsbæ er frjór jarðvegur fyrir skapandi menningarlíf, enda stendur það með miklum blóma. Við viljum styðja dyggilega við þetta skapandi starf, í samvinnu við félagasamtök, einstaklinga, fyrirtæki og skólasamfélagið.

Í því samhengi má nefna ýmsa árvissa viðburði, til dæmis menningarvor á Bókasafni Mosfellsbæjar, þrettándagleði og bæjarhátíðina Í túninu heima. Listauppeldi og barnamenning gegnir mikilvægu hlutverki í menningarlífi bæjarins, einnig viljum við varðveita sögulega arfleifð sveitarfélagsins og byggja á henni til framtíðar.

BB 

Við viljum:

- stuðla að fjölskrúðugu menningarlífi í Mosfellsbæ.
- vinna að stefnumótun fyrir Hlégarð og að eitt höfuðmarkmið þeirrar vinnu verði að nýta húsið betur í þágu bæjarbúa.
- setja upp útisvið í Álafosskvos fyrir fjölbreyttar samkomur.
- fjölga útilistaverkum í Mosfellsbæ.

Fjármál, stjórnsýsla og lýðræði

Traustur fjárhagur sveitarfélaga er forsenda fyrir öllum framkvæmdum og framförum á þeirra vegum. Fjárhagsstaða Mosfellsbæjar er sterk og sveitarfélagið nýtur hvarvetna trausts. D- og V-listi hyggjast styrkja stoðirnar enn frekar svo vöxtur sveitarfélagsins hafi jákvæð áhrif á þjónustustigið.

Mosfellsbær býr yfir sterkum og öflugum mannaúði sem er forsenda frekari framfara. Nauðsynlegt er að halda áfram að styðja og styrkja þennan mikilvæga þátt í starfsemi bæjarfélagsins.

Íbúalýðræði er afar mikilvægt og tryggja þarf bæjarbúum aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Verður það gert með ýmsum hætti á kjörtímabilinu, í samræmi við lýðræðisstefnu sveitarfélagsins, til dæmis opnum fundum, Okkar Mosó og skoðanakönnunum.

Við viljum:

- tryggja áframhaldandi trausta og ábyrga fjármálastjórn með gegnsæi að leiðarljósi.
- halda áfram að lækka álögur á bæjarbúa.
- að verkefnið Okkar Mosó haldi áfram með reglubundnum hætti og fjármagn til þess verði aukið.

B8



- efla rafræna þjónustu og íbúagátt með snjöllum lausnum og spara þannig íbúum sporin.
- tryggja stöðugt og gagnvirkt upplýsingaflæði til íbúa.
- að mánaðarskýrslur um starfsemi bæjarins verði settar á netið.

Til ítarlegri kynningar á stefnumálum D- og V-lista er vísað í stefnuskrár listanna fyrir kjörtímabilið 2018-2022 en þær eru fylgiskjöl með þessum málefnasamningi.

Mosfellsbæ 5. júní 2018.



Oddviti D-lista.



Oddviti V-lista.